

Rekstarleyfi fyrir leikskólann Regnboginn

Með vísun til 25. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglur Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla veitir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar hér með Gaudium ehf. kt. 600721-0970 leyfi til að reka leikskólann Regnboginn.

Fyrir liggja teikningar af húsnæði leikskólans við Bleikjukvísl 10 í Reykjavík. Veitt er heimild til að reka leikskóla í húsnæðinu fyrir allt að 82 börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára, þar af 10 börn á aldrinum 12-18 mánaða.

Vottorð liggur fyrir frá heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um að húsnæðið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar.

Við leikskólann skal starfa leikskólastjóri, sem hefur starfsheitið leikskólakennari og hefur annað hvort viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á leikskólastigi.

Við ráðningu annarra starfsmanna leikskólans skal gætt ákvæða laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, um að í 2/3 hluta stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna séu ráðnir leikskólakennarar.

Rekstraraðila ber að láta alla starfsmenn leikskólans undirrita yfirlýsingu um að þeir muni gæta þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna þeirra og eðli máls.

Austurmiðstöð Árbæ veitir leikskólanum sérfræðipjónustu, sbr. reglugerð nr. 584/2010 með síðari breytingum, um sérfræðipjónustu leik- og grunnskóla.

Leikskólastjóra er skylt að endurskoða skólanámskrá reglulega og leggja hana fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar. Skólanámskrá leikskólans er frá árinu 2018.

Starfsáætlun ber að skila árlega samkvæmt nánari ákvörðun skóla- og frístundaráðs.

Leikskólanum er skylt að meta með reglubundnum hætti gæði leikskólastarfsins á grundvelli 17. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglugerð nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og eftirlitsskyldur sveitarstjórna um skólahald. Upplýsingar um matið ber leikskólanum að birta opinberlega ásamt tengslum þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar framkvæmir ytra mat og hefur eftirlit með leikskólanum. Ber leikskólanum að láta skóla- og frístundasviði í té gögn um innra mat sitt ásamt öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna ytra mats og eftirlits.

Uppfylli leikskólinn ekki ofangreind skilyrði getur skóla- og frístundaráð afturkallað rekstrarleyfið, ef rekstraraðili bregst ekki við athugasemdum innan tilskilins frests. Rekstrarleyfi tekur gildi 1. september 2022 og frá sama tíma fellur úr gildi rekstrarleyfi útgefið, dags. 13. október 2021.

Reykjavík, xx. ágúst 2022

Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

Drög að rekstrarleyfi



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Umsókn Gaudium ehf. um breytt rekstrarleyfi vegna leikskólans Regnboganum

Þann 15. febrúar 2022 barst umsókn Gaudium ehf, kt. 600721-0970, rekstraraðila sjálfstætt starfandi leikskólans Regnbogans, Bleikjukvísl 10, Reykjavík, um aukið framlag vegna barna á aldrinum 12-18 mánaða. Í umsókninni kemur fram að leikskólinn Regnboginn óski eftir framlagi með allt að 10 reykvískum börnum, á aldrinum 12 til 18 mánaða, til samræmis við samninga skóla- og frístundasviðs við sjálfstætt rekna ungbarnaleikskóla. Óskað var eftir að við 18 mánaða aldur barns taki aftur við samningur leikskólans fyrir börn frá 18 mánaða til 6 ára. Þegar umrædd börn ná 18 mánaða aldri verði framlag sambærilegt öðrum börnum leikskólans.

Að lokum kemur fram í umsókninni að í Regnboganum hafi umsóknum fyrir börn frá aldrinum 12 mánaða aukist í takt við yfirlýstan vilja borgarinnar til að bjóða foreldrum barna frá 12 mánaða aldri leikskólapláss svo fljótt sem auðið er.

Umsókn leikskólans um breytingu á rekstrarleyfi til samræmis við framangreint barst þann 13. apríl 2022.

Umsögn foreldraráðs Regnbogans vegna mögulegrar innritunar 12-18 mánaða barna, dags. 23. maí 2022, liggur fyrir, sjá meðfylgjandi. Í umsögninni kemur fram að foreldraráð Regnbogans skólaárið 2021-2022 hvetji skóla- og frístundasvið til að veita Regnboganum framlag með börnum á aldrinum 12-18 mánaða líkt og í ungbarnaleikskólum þannig að þau geti enn betur tekið fagnandi á móti yngri börnum.

Samkvæmt skráningu í Völu 7. júní 2022 þá eru 71 barn skráð í vistun í leikskólanum, fjögur þeirra með lögheimili utan Reykjavíkur og eitt barn yngri en 18 mánaða.

Samkvæmt rekstarleyfi, dags. 13. október 2021, er Gaudium ehf., veitt leyfi til að reka leikskólann Regnbogann. Samkvæmt rekstrarleyfinu hefur leikskólinn heimild til að reka leikskóla fyrir allt að 82 börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Verði beiðni frá 15. febrúar 2022 samþykkt þarf að breyta nógildandi rekstrarleyfi þannig að heimilt verði að vera með 82 börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára og þar af 10 börn á aldrinum 12-18 mánaða.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. desember 2018 og í borgarráði þann 10. janúar 2019 var samþykkt tillaga varðandi ungbarnadeildir í sjálfstætt reknum leikskólum: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/44_sfs_ungbarnadeildir.pdf



Umbeðin breyting uppfyllir það skilyrði framangreindrar samþykktrar tillögu að nýting á plássum samkvæmt rekstrarleyfi eykst að lágmarki um sem nemur 2/3 þeirra barna sem áætluð eru á ungbarnadeildina.

Af hálfu skóla- og frístundasviðs er ekki gerð athugasemd við að rekstrarleyfi verði breytt með þeim hætti að leikskólanum Regnboganum verði heimilað að vera með 82 börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af 10 börn á aldrinum 12 til 18 mánaða í húsnæðinu að Bleikjukvísl 10 Reykjavík. Lagt er til að nýtt rekstrarleyfi taki gildi 1. september 2022 og á sama tíma falli úr gildi rekstrarleyfi vegna leikskólans, dags. 13. október 2021.

Tekið er fram að samþykkt rekstrarleyfis felur ekki í sér vilyrði fyrir greiðslu framlags vistunar reykvískra barna í leikskólanum og gera þarf sérstakan samning um framlag.



Rekstarleyfi fyrir leikskólann Regnboginn

Með vísun til 25. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglur Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla veitir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar hér með Gaudium ehf. kt. 600721-0970 leyfi til að reka leikskólann Regnbogann.

Fyrir liggja teikningar af húsnæði leikskólans við Bleikjukvísl 10 í Reykjavík. Veitt er heimild til að reka leikskóla í húsnæðinu fyrir allt að 82 börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára.

Vottorð liggur fyrir frá heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um að húsnæðið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar.

Við leikskólann skal starfa leikskólastjóri, sem hefur starfsheitið leikskólakennari og hefur annað hvort viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á leikskólastigi.

Við ráðningu annarra starfsmanna leikskólans skal gætt ákvæða laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, um að í 2/3 hluta stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna séu ráðnir leikskólakennarar.

Rekstraraðila ber að láta alla starfsmenn leikskólans undirrita yfirlýsingu um að þeir muni gæta þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna þeirra og eðli máls.

Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts veitir leikskólanum sérfræðiþjónustu, sbr. reglugerð nr. 584/2010 með síðari breytingum, um sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla.

Leikskólastjóra er skylt að endurskoða skólanámskrá reglulega og leggja hana fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar. Skólanámskrá leikskólans er frá árinu 2018.

Starfsáætlun ber að skila árlega samkvæmt nánari ákvörðun skóla- og frístundaráðs.

Leikskólanum er skylt að meta með reglubundnum hætti gæði leikskólastarfsins á grundvelli 17. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglugerð nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og eftirlitsskyldur sveitarstjórna um skólahald. Upplýsingar um matið ber leikskólanum að birta opinberlega ásamt tengslum þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar framkvæmir ytra mat og hefur eftirlit með leikskólanum. Ber leikskólanum að láta skóla- og frístundasviði í té gögn um innra mat sitt ásamt öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna ytra mats og eftirlits.

Uppfylli leikskólinn ekki ofangreind skilyrði getur skóla- og frístundaráð afturkallað rekstrarleyfið, ef rekstraraðili bregst ekki við athugasemdum innan tilskilins frests. Rekstrarleyfi tekur gildi 1. október 2021 og frá sama tíma fellur úr gildi rekstrarleyfi útgefið, dags. 27. júlí 2011.

Reykjavík, 13. október 2021

Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 23. maí 2022

Umsögn foreldraráðs Regnbogans um umsókn leikskólans um aukið framlag yngri barna

Leikskólastjóri Regnbogans hefur leitað til mín til að rita umsögn um umsókn leikskólans um aukið framlag með börnum á aldrinum 12-18 mánaða í Regnboganum leikskóla.

Eins og fram hefur komið í umsögnum foreldraráðs um ársskýrslur leikskólastjóra er Regnboginn einstakur leikskóli sem hefur yfir að ráða afskaplega hæfu starfsfólki. Leikskólinn mætir börnum á þeirra forsendum og starfsfólk leggur sig fram um að mæta þörfum barnanna þar sem þau eru, hvort sem þau eru 1 árs eða á leið í skóla. Húsnæði skólans og útisvæði er sömuleiðis bjóðandi fyrir allan aldur barna.

Ég hef sjálf verið svo heppin að koma mínum börnum að á Regnboganum áður en þau urðu 18 mánaða þrátt fyrir að framlagið Reykjavíkurborgar með þeim hafi verið lægra og tel það eina mestu lukku sem ég hef hlotið. Í Regnboganum fengu þau tækifæri til að þroskast með jafnöldrum sínum undir styrkri leiðsögn starfsfólks skólans. Þess utan gaf það okkur foreldrunum tækifæri til þess að halda aftur til vinnu, vitandi af börnunum okkar á öruggum stað. Háværar kröfur eru um að leikskólar taki við yngri börnum enda er fæðingarorlof alls ekki í takt við leikskólakerfið og því held ég að það væri skref í rétt átt að gera leikskólum betur kleift að taka við yngri börnum.

Foreldraráð Regnbogans skólaárið 2021-2022 hvetur skóla- og frístundasvið til að veita Regnboganum framlag með börnum á aldrinum 12 - 18 mánaða líkt og í ungubarnaleikskólum þannig að þau geti enn betur tekið fagnandi á móti yngri börnum.

Fyrir hönd foreldraráðs Regnbogans

Svandís Helga Halldórsdóttir

formaður

Reglur

Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla.

1. gr.

Leikskólaráð Reykjavíkurborgar getur veitt sjálfseignarstofnunum, hlutafélögum og öðrum aðilum sem reka fyrirtæki samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi heimild til að byggja og / eða reka leikskóla í Reykjavík. Um slíka leikskóla gilda ákvæði laga um leikskóla nr. 90/2008 eftir því sem við á.

Umsókn skal fylgja staðfesting á rekstrarformi og samþykktir félagsins.

2. gr.

Heimilt er að binda leyfi við hámarks fjölda barna. Ákvörðun um fjölda barna skal m.a. byggð á eftirfarandi þáttum:

- Húsnæði og lóð sem fyrirhugað er að nota fyrir leikskóla skal taka mið af þörfum barna og þeirri starfsemi sem fram fer í leikskóla. Lögð er áhersla á öruggt og rúmgott náms- og starfsumhverfi. Gert skal sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðipjónustu vegna barna með sérþarfir og vinnuaðstöðu starfsfólks.
- Aldursdreifingu barna og sérþörfum þeirra.
- Lengd dvalartíma.
- Fjölda starfsmanna og samsetningu starfsmannhópsins.

Umsókn þurfa að fylgja upplýsingar um húsnæði sem fyrirhugað er að nota fyrir leikskólann ásamt málsettum teikningum af húsi og lóð, vottorði Vinnueftirlits ríkisins og heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar. Einnig þurfa að fylgja umsókn upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi leikskólans sérstaklega með hliðsjón af því hvernig aldursdreifingu barna verður háttáð og hversu mörg börn með sérþarfir leikskólinn getur tekið á móti, hvað boðið verður upp á langan dvalartíma og hvernig samsetning starfsmannahópsins verður.

3. gr.

Við leikskóla skal starfa leikskólastjóri sem hefur starfsheitið leikskólakennari og hefur annað hvort viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á leikskólastigi.

Við ráðningu annarra starfsmanna leikskólans skal gætt ákvæða laga nr. 87/2008 um að í 2/3 hluta stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna séu ráðnir leikskólakennarar.

Rekstraraðila ber að láta alla starfsmenn leikskólans undirrita yfirlýsingu um að þeir muni gæta þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna þeirra og eðli máls

4. gr.

Umsækjandi skal gera grein fyrir því í umsókn sinni hvernig hann hyggst skipuleggja og framkvæma þjónustu við börn með sérþarfir.

5. gr.

Þegar sótt er um leyfi til reksturs leikskóla skal liggja fyrir skólanámskrá væntanlegs leikskóla, sem felur í sér uppeldis- og námsáætlun leikskólans, markmiðssetningu í starfi og leiðir til að ná þeim markmiðum.

Áður en leikskólinn tekur til starfa ber að skila til leikskólaráðs starfsáætlun, þar sem gerð er grein fyrir árlegri starfsemi leikskólans, svo sem skóladagatali og öðru sem varðar starfsemi leikskólans. Starfsáætlun á að skila árlega samkvæmt nánari ákvörðun leikskólaráðs.

Leikskólinn skal leggja fram áætlun um hvernig brugðist skuli við þegar slys og óhöpp verða.

6. gr.

Leikskóla sem fengið hefur rekstrarleyfi er skylt að meta með reglubundnum hætti gæði leikskólastarfsins. Upplýsingar um matið ber leikskólanum að birta opinberlega ásamt tengslum þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Leikskólasvið Reykjavíkurborgar framkvæmir ytra mat og hefur eftirlit með sjálfstætt reknum leikskólum. Ber leikskólunum að láta Leikskólasviði í té gögn um innra mat sitt ásamt öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna ytra mats og eftirlits.

Samþykkt í leikskólaráði

26. nóvember 2008